

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsted«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 13. október 1914.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsted“.

Gjafabrjef.

Jeg undirritaður gef hjer með eignarjörð mína Hlið í Grafningi í Árnes-sýslu, 22.6 hndr. að dýrleika að nýju mati, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem henni fylgja, til þess að stofna með styrktarsjóð handa erfingjum mínum, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

1 gr.

Sjóður þessi skal bera nafn frændkonu minnar Sigríðar Melsted, og heita »Æfinleg erfingjarenta Sigríðar Melsted«. Nafni þessu má aldrei breyta.

2. gr.

Jörðina Hlið í Grafningi má eigi selja, gefa nje afhenda, heldur skal hún vera ævarandi eign sjóðsins.

3. gr.

Af sjóð þessum skal veita styrk erfingjum mínum og niðjum þeirra, en eigi skal styrkur veittur fjarskyldari erfingjum en þeim, sem komnir eru af börnum Bjarna bróður míns og Ingileifar systur minnar.

4. gr.

Styrkur (o: jarðarafgjaldið) úr sjóði þessum skal einkum veittur unglíngum, piltum sem stúlkum, á námsskeiði, til mentunar og góðs uppeldis. Einnig má styrkja börn, menn á efra aldri og heilsuveika menn.

5. gr.

Á meðan jeg er á lífi, veiti jeg einn styrk úr sjóð þessum, en stjórna honum að öðru leyti með tveimur öðrum mönnum, og hafa þeir skrifstofustjóri Eggert Briem og aðstoðarmaður cand. juris Oddur Hermannsson góðfúslega tekist

99 það á hendur fyrst um sinn. Annars skal sjóður þessi standa undir yfrumsjón
 13. okt. stjórnarráðs Íslands, og reikning hans birta í stjórnartíðindunum. Þá er jeg er fallinn frá, nefnir stjórnarráðið þrjá menn í stjórn styrktarsjóðs þessa, og skal einn þeirra (karl eða kona) að minsta kosti ávalt vera af niðjum erfingja minna, á meðan þeir eru uppi.

6. gr.

Ef niðjar erfingja minna, þeirra sem nú eru og vera kunna eftir minn dag, deyja út allir, fellur sjóður þessi algjörlega undir stjórn stjórnarráðsins, og skal þá ávöxtun hans, eftir því sem nánara segir í 7. gr., varið til þess að styrkja fátæka og efnilega unga pilta eða stúlkur til menningar á góðum sveitaheimilum og til verklegs náms erlendis, einkum í Danmörku og á Englandi.

7. gr.

Ef öllum árstekjum sjóðsins er eigi útbýtt til styrktar, skal afgangurinn lagður í Söfnunarsjóð Íslands, aðaldeild hans, og ávaxtaður þar. Skal þess gætt, að auka sjóðinn smátt og smátt, er fram líða stundir og tækifæri er til þess, en þó eigi að jafnaði meira en um einn tíunda hluta af ársvöxtum hans. Ef sjóðurinn fellur algjörlega undir stjórn stjórnarráðs Íslands, þá skal um hrið varið öllum ársvöxtum hans til þess að auka hann svo, að hann verði fimtíu þúsund krónur, áður en verði farið að veita styrk úr honum samkvæmt 6. gr., og síðan skal auka hann árlega um einn tíunda af árstekjum hans.

8. gr.

Ef jeg kynni að álíta þess þörf síðar að gjöra nánari ákvæði um sjóð þennan, áskil jeg mjer rjett til þess.

9. gr.

Á skipulagsskrá sjóðsins skal fengin konungleg staðfesting.

Staddur í Reykjavík, 18. ágúst 1914.

Bogi Th. Melsted.

Vitundarvottar:

Jón Hermannsson.

Jóhann Kristjánsson.